

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



Dags eftirlits	26.6.2015	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Reyðarfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Hjallaleiru 12	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4205891319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	724227,412 511820,289

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirlitsferðin var farin vegna óvissu um fráveitumál og sýnatökur í fyrirtækinu. Niðurstaða eftirlits er að sýni hafa eingöngu verið tekin úr einni af tveim olíuskiljum í starfsstöðinni og einnig að réttar lagnateikningar hafa ekki legið fyrir. Fyrirtækinu er veittur frestur til 1.10.2015 til að leggja fram réttar lagnareikningar og einnig til að taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju norðan við spilliefnaskemmu.

### UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir þær lagnareikningar sem fengust hjá byggingarfulltrúa sveitarfélagsins og bætt var við með upplýsingum frá fyrirtækinu sjálfu og sem unnið hefur verið með hingað til. Í ljós hefur komið að þessar teikningar hafa verið rangar og að vinnulag í og við spilliefnaskemmu fyrirtækisins og verklag því hugsanlega ekki í samræmi við kröfur um mengunarvarnir.

Í eftirlitinu var fylgst með sýnatöku úr þeirri olíuskilju sem er í austurkanti lóðarinnar og tekur við fráveitu frá útisvæði auk þess sem lítið var í lokaða spilliefnaþró.

Ennfremur var lítillaga skoðað í spilliefnaskemmuni og í kör framan við skemmuna.

#### Frávik frá

grein 3.2 um eftirlitsmælingar, þar sem segir „Taka skal dæmigerð sýni af frárennslisvatni, sbr. grein 2.5, og mæla a.m.k. árlega með tilliti til allra þeirra þátta sem tilteknir eru í grein 2.6“.

#### Lýsing á fráviki

Rannsóknaniðurstöður fráveituvatns frá olíuskilju austast á lóð fyrirtækisins hafa verið yfir mörkum í fjögur skipti, þ.e. sýni tekin árin 2012, 2013 og tvö sýni tekin árið 2014. Ýmist er blý og/eða fita/olía yfir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi.

Ennfremur hafa sýni einungis verið tekin úr annarri af tveim olíuskiljum fyrirtækisins þannig að ekki er um að ræða upplýsingar um dæmigerð fráveituvatn.

### ATHUGASEMDIR

#### Athugasemd 1:

Raftækjaúrgangur var geymdur í opnum körum utandyra. Skv. skilgreiningu er a.m.k. hluti af raftækjaúrgangi flokkaður sem spilliefni og ætti því að geymast innandyra eða þannig að hann blotni ekki. Um er að ræða nýlega breytingu á reglugerðarumhverfi og mikilvægt að fyrirtækið hugi að aðgerðum til að uppfylltar séu kröfur um geymslur fyrir þennan flokk efna.

#### Athugasemd 2:

Réttar lagnateikningar skulu liggja fyrir í starfsstöðinni skv. almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi í auglýsingu 582/200 frá Umhverfisstofnun. Í skýrslu ársins 2014 var einnig gerð athugasemd við þetta atriði. Enn hafa ekki borist réttar teikningar og því er nú **gerð krafa er um að úr þessu verið bætt og fyrirtækinu veittur frestur til að leggja fram réttar teikningar fyrir 1.10.2015.**

### ANNAÐ

**Hér með er fyrirtækinu veittur frestur til 1.10.2015 til að taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju norðan við spilliefnaskemmu og láta rannsaka sýnið skv. grein 2.6 í starfsleyfi.**

Reykjavík, 12.07.2015

Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.